

Skegla

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
28. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 20. júlí 2016

Fornir fimmtudagar:

Leirhöfn á Melrakkaslétu

Fimmtudagskvöldið 21. júlí klukkan 18:30 leiðir Níels Árni Lund gesti um Leirhöfn og segir sögu staðarins. Rölt verður um svæðið – komið við á bæjum og bæjarstæðum – sest niður – spjallað og gestir þiggja kaffisopa innan húss eða utandyra eftir því hvernig viðrar.

Áætlaður tími 2 – 3 klukkustundir. Þátttaka er gjaldfrjáls og öllum heimil.

Hið þingeykska fornleifafélag

Orlofsnefnd KSNÞ auglýsir:

Orlofsferð húsmæðra

Farin verður ferð um Eyjafjarðarsvæðið dagana 4. og 5. ágúst n.k.

Gist verður á Siglunesi Siglufirði.

Áhugasamar skrái sig fyrir 30. júlí hjá Kristínu í gsm 615-6757

(stina61@gmail.com) eða Hjördísi í gsm 8624068

(hjordis.henriksen@langanesbyggd.is)

Stjórnin

Skegla

Skegla kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skegla@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skegla kemur næst út miðvikudaginn 27. júlí 2016.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.



Páll og heiðarbýlið

Skammt suður af Vesturdal, í Vatnajökulsþjóðgarði, liggur jörðin Svínadalur. Þar var búið við fábrotnar aðstæður allt til 1946. Þar bjuggu menn og náttúra saman á harðbýlli en grösugri jörð við gljúfur Jökulsár á Fjöllum. Þar eru mannvistarleifar og örnefni sem segja sögu af horfnum heimi.

Laugardaginn 23. júlí mun Sigprúður Stella, fyrrverandi þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum, leiða okkur í sannleikann um þetta fallega og stórbrotna svæði. Gengið verður frá bílastæðinu við Hljóðakletta, að Karli og Kerlingu, Kallbjargi og Svínadal áður en gangan tekur enda í Vesturdal. Gangan tekur um fjórar klukkustundir og er ágætt að vera í góðum skóm með nesti og eitthvað að drekka. Klæðnaður eftir veðri.

Hittumst við Hljóðakletta kl. 11:00 á laugardaginn!

